



TENGLANET UM UPPLÝSINGA-
OG MIÐLALÆSI

#1 Samtal um samfélagsmiðla

Fræðslumyndband (7:42 mín)

Stutt og hnitmiðuð fræðslumyndbönd eru frábær til að kveikja gagnrýna hugsun og umræður!

Fræðslumyndbandið **Samtal um miðlanotkun** (7:42 mín) inniheldur upplýsingar úr víðtækri [rannsókn Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands](#) meðal barna og ungmenna á aldrinum 9 - 18 ára vorið 2021. Við kynnum okkur leiðir til þess að nálgast samtal um notkun samfélagsmiðla. Hversu mikið á eftirlit foreldra að vera og hvert er hægt að leita þegar að eitthvað kemur uppá? Rætt er við Sigurð Sigurðsson sérfræðing í miðlanotkun barna hjá Heimili og skóla og SAFT ásamt ungmönnum úr Ungmennaráðum Samfés og Samtakanna '78.

Samfélagsmiðlar er megin umræðuefnið og sett í samhengi við **jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan**. Stuðningsefnið er einkum hugsað fyrir miðstig en ef ekki hefur verið farið í efnið með eldri nemendum er sjálfsagt að gera það.

Undirbúningur

Skref 1

Kynntu þér efni fræðslumyndbandsins

Skoðaðu þá staði í myndbandinu sem þú telur mikilvægt að staldra við (pause) og ræða frekar við nemendur.

Með nemendum fyrir áhorf

Skref 2

Börnin skipuleggja hvert og eitt, fullkominn dag (í smáatriðum) þar sem þau geta gert allt sem þau langar til að gera. Hvernig myndi sá dagur líta út?

Lykilspurning: Hvað þýðir jafnvægi í netnotkun fyrir mig?

Ég finn jafnvægi - [Fullkominn dagur](#) - [Netáætlunin mín](#).

Skref 3

Yfirferð - Óskið eftir frásögnum frá börnunum/nemendum sem vilja deila hugmynd sínum að fullkomnum degi með öðrum.

Skref 4:
Sýning á myndbandinu
Samtal um miðlanotkun
(7:42 mín)

Með nemendum eftir áhorf

Skref 5

Samræður tengdar efni fræðslumyndbandsins - meginpunkta má draga fram með skráningu í tölvu sem varpað er á vegg, skráningu á veggspjald eða á töflu. Spurningunum er ætlað að virkja gagnrýna hugsun og rökhugsun meðal nemenda um samfélagsmiðla.

1. Hvað fannst þér athyglisverðast við umfjöllunina um miðlanotkun?
2. Við hverja ræðir þú/ræðið þið um miðlanotkun?
3. Hvaða viðmið eða reglur gilda um miðlanotkun í þínu umhverfi? Ferð þú/farið þið alltaf eftir þeim viðmiðum/reglum?
 - Hvernig líður þér/ykkur þegar foreldrar ykkar fara að tala um símanotkun eða samfélagsmiðlanotkun?
4. Af hverju haldið þið að viðmiðin/reglurnar séu settar um miðlanotkun á heimilinu?
5. Eru allir á heimilinu góðar fyrirmyndir í miðlanotkun? Ef ekki, hvernig getum við haft áhrif á það?
6. Hvaða viðmið/reglur um miðlanotkun eru alltaf mikilvægar? (sjá tölfræði neðst)

Skref 6:

Upprifjun - Umræða dregin saman með því að fara yfir punktana sem skráðir hafa verið og spyrja að lokum hvort þau vilji bæta einhverju við.

Skref 7

Tölulegar staðreyndir sem koma fram í myndbandinu - upplagðir punktar í samræður:

35% barna á miðstigi og 65% á unglíngastigi segja foreldra sína aldrei athuga hvað þau skoði á netinu.

Af hverju ættu foreldrar að athuga hvað börn þeirra eru að gera á netinu?

3 af 10 barna á miðstigi og 7 af 10 á unglíngastigi hafa samþykkt vinabeiðnir frá ókunnugum.

Af hverju eigum við ekki að samþykkja vinabeiðnir frá ókunnugum?

12% barna á miðstigi og 26% á unglíngastigi hafa sagt vinum sínum lykilorðið sitt.

Af hverju ættum við ekki að segja vinum okkar lykilorðið okkar?

Helmingur barna á miðstigi og 80% á unglíngastigi hefur þurft að blokkja einstakling á samfélagsmiðlum.

Af hverju ætli þau hafi þurft að gera það?

Fleiri verkefni sem tengjast efni myndbandsins

Skref 8

[Glærur - Ég finn jafnvægi í netnotkun](#)

Ég finn jafnvægi - [Fullkominn dagur](#) - Nemendur skipuleggja dag (aftur eftir áhorf og samtal) þar sem þeir þurfa að hafa miðlanotkun og viðmið/reglur um þær í huga, bæði á heimilinu og í skóla. Hvernig myndi sá dagur líta út?

[Netáætlunin mín.](#)

Skref 9

Yfirferð - Óskið eftir frásögnum frá börnunum um Fullkominn dag þar sem þau hafa viðmið/reglur um miðlanotkun í huga, sem þeir vilja deila með öðrum.

Eftir yfirferð og frásagnir:

- Hvað breyttist frá fyrri degi og af hverju?
- Hvað breyttist ekki og af hverju ekki?

Skref 10

Umræða um miðlanotkun dregin saman og helstu niðurstöðum hennar. Vísað er í niðurstöðurnar í samskiptum við börnin og umræðunni haldið lifandi í daglegu lífi.

Ítarefni

[Finnum jafnvægi í stafrænum heimi](#)

[Fjölmiðlanotkun mín](#) - [Glærur](#) - [Áætlun um jafnvægi í fjölmiðlanotkun](#)

[Virknikort](#) til stuðnings samræðu um jafnvægi í daglegu lífi.

